



## Kennsluáætlun – Haustönn og vorönn 2017 – 2018

**Námsgrein:** Upplýsingatækni og miðlun

**Kennari:** Steinunn Alva Lárusdóttir

Í upplýsinga- og tæknimennt er unnið með upplýsinga- og miðlalæsi, sem þverfaglegt námssvið. Unnin eru raunhæf verkefni sem samþættast sem estum námsgreinum og námssviðum. Áhersla er lögð á að kynna nemendum tækni og aðferðir við ö un, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga í tengslum við annað nám. Á þessari önn verður farið í fjölbreytt verkefni og nemendur munu læra með því að prófa sjálf að vinna með tæknina.

### Lykilhæfni

Nemandi getur nýtt sér margskonar tæknibúnað, hugbúnað, forrit og gögn á **ábyrgan og skapandi hátt**. Nýtt **vel** hugbúnað og forrit við uppsetningu ritsmíða og tölulegra gagna. Á **ábyrgan** hátt vegið og metið gæði upplýsinga til þekkingarmiðlunar, virt siðferði í heimildarvinnu og unnið með heimildir eftir viðukenndum aðferðum. Nýtt sér **vel** möguleika rafræns stuðnings- og námsefnis á ýmsu formi.

### Grunnþættir

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: *Læsi – sjálfbærni - lýðræði og mannréttindi – jafnrétti - heilbrigði og velferð - sköpun*.

### Námsefni

Kennsluáætlunin byggir á þeim viðmiðum sem sett eru í Aðalnámskrá grunnskóla.

Unnið verður með forritun, Mystery skype, Office 365, ýmiskonar forrit í spjaldtölvu, Word, Excel og Power point.

### Námsmat

Nemendur fá umsögn í lok skólaárs, í námsmatinu er verkefnavinna metin, áhugi í tímum, jákvæðni, sjálfstæð vinnubrögð, hópvinna, sköpun og tjáning.

